

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2159****2018/EES/25/29****frá 20. nóvember 2017****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 255/2010 að því er varðar tiltekna tilvísanir í ákvæði
Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 ⁽²⁾ er vísað til ákvæðanna sem mælt er fyrir um í 11. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (Chicago-samningurinn), nánar tiltekið í 13. útgáfu samningsins frá júlí 2001, með breytingu nr. 49. Hinn 10. nóvember 2016 breytti Alþjóðaflugmálastofnunin 11. viðauka við Chicago-samninginn, með breytingu nr. 50A.
- 2) Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 255/2010 er einnig vísað til ákvæðanna, sem mælt er fyrir um í Verklagsreglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM, skjal nr. 4444), nánar tiltekið í 15. útgáfu frá 2007, með breytingu nr. 6. Hinn 10. nóvember 2016 breytti Alþjóðaflugmálastofnunin skjali nr. 4444, með breytingu nr. 7A.
- 3) Til að taka tillit til þeirra breytinga ætti nú að uppfæra tilvísanir til 11. viðauka við Chicago-samninginn og til skjals Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444 í reglugerð (ESB) nr. 255/2010 til að gera aðildarríkjunum kleift að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar sínar og tryggja samræmi við alþjóðlegan regluramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 255/2010 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. og 2. liðar í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 255/2010 komi eftirfarandi:

- „1. Liður 3.7.5 í 3. kafla (Flæðisstjórnun flugumferðar) í 11. viðauka við Chicago-samninginn — Flugumferðarþjónusta (14. útgáfa, júlí 2016, með breytingu nr. 50A).
2. Ákvæði 3. kafla (Afkastageta flugumferðarþjónustu og flæðisstjórnun flugumferðar) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444, Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM) (16. útgáfa, 2016 með breytingu nr. 7A).“

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 frá 25. mars 2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar (Stjtið. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
